

61. fundur Hafnarstjórnar haldinn 30. júní 2010 kl. 17:30 í Ráðhúsinu.

Mættir voru Alex Páll Ólafsson, Páll Guðmundsson, Ingveldur Eypórsdóttir, Guðmundur Kolbeinn Björnsson, Valentínus Guðnason, Hrannar Pétursson hafnarvörður og Gyða Steinsdóttir hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Kosning varaformanns og ritara
2. Erindi Sæferða vegna aðstöðu í höfninni
3. Umsókn um viðlegupláss fyrir Sigga Þórðar
4. Gjaldskrármál
5. Önnur mál.

1. Varaformaður var kosinn Páll Guðmundsson og ritari Hafdís Björgvinsdóttir.

2. Erindi Sæferða. Rætt var um erindi Sæferða. Var rætt um ýmsa möguleika fyrir báta Sæferða. Tillaga formanns: Erindi verði hafnað eins og það kemur frá Pétri og það verði skoðað með framtíðarlausn í huga. Sæferðum standi til boða að færa Særúnina á suðurkant Stykkisbryggju en hefur aftur sem áður aðgang að steinbryggju sem viðlegu fyrir Brimrúnu. Lagt fyrir fundinn. Samþykkt með 3 atkvæðum gegn 2 atkvæðum. Telja fundarmenn að skoða þurfi framtíðarlausnir fyrir Sæferðir í höfninni. Guðmundur Kolbeinn Björnsson sagðist ósáttur við ákvörðun hafnarstjórnar.

3. Umsókn um viðlegupláss fyrir Sigga Þórðar GK197 barst frá Kristjáni L. Gunnarssyni fyrir hönd félags sem er að fara af stað í ferðaþjónustu. Um er að ræða 15 metra bát. Ekki er hægt að finna pláss við flotbryggju fyrir bátinn. Hafnarstjórn leggur til að báturinn hafi aðstöðu við Stykkisbryggju skv. samkomulagi við hafnarvörð.

4. Gjaldskrármál. Tillaga frá Hrannari um að fresta ákvörðun þar til um áramót. Fundarmenn samþykkir því að framvegis verði breytingar miðað við 1.1. hvers árs og afgreiðslu málsins því frestað.

5. Önnur mál

Gyða sagði frá erindisbréfi, hafnalögum og hafnarreglugerð sem afhent var í byrjun fundar.

Guðmundur Kolbeinn Björnsson ræddi um gjaldskrármálin. Valentínus ræddi einnig um gjaldskrármál og þá sérstaklega rafmagnskostnað við höfnina.

Rætt var um samgönguáætlun. Skila þarf áætlun í ágúst nk. Sagt var frá Hafnasambandsþingi sem verður hér í september.

Nýkjörin hafnarstjórn, hafnarvörður og hafnarstjóri vilja þakka fráfarandi hafnarstjórn, hafnarstjóra og ekki síst hafnarformanni Símoni M. Sturlusyni fyrir gott og mikið starf við hafnarmál á síðasta kjörtímabili.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:45.

Alex Páll Ólafsson (sign)

Ingveldur Eypórsdóttir (sign)

Páll Guðmundsson (sign)

Valentínus Guðnason (sign)

Guðmundur K Björnsson (sign)

Hrannar Pétursson (sign)

Gyða Steinsdóttir (sign)